

**FRAMSELD ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/1764**

2021/EES/22/98

frá 14. mars 2019

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 að því er varðar viðeigandi kerfi til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis rimlahandriðs- og rimlagirðingareininga sem eingöngu eru ætlaðar til notkunar í tengslum við byggingarmannvirki til að koma í veg fyrir fall og sem eiga ekki að verða fyrir lóðréttu álagi frá mannvirkinu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 frá 9. mars 2011 um samræmd skilyrði fyrir markaðssetningu byggingarvara og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/106/EBE ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 28. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ekki er fyrir hendi viðeigandi ákvörðun um mat og sannprófun á stöðugleika nothæfis rimlahandriðs- og rimlagirðingareininga sem eingöngu eru ætlaðar til notkunar í tengslum við byggingarmannvirki til að koma í veg fyrir fall og sem eiga ekki að verða fyrir lóðréttu álagi frá mannvirkinu. Því er nauðsynlegt að ákvarða hvaða kerfi eigi að nota til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis þessara rimlahandriðs- og rimlagirðingareininga.
- 2) Að teknu tilliti til reynslu af eiginleikum viðkomandi vara á nýtingartíma þeirra, sem lýst er í könnun sem var gerð vegna ágalla á þessum vörum, ætti framleiðandinn að meta nothæfi þeirra að því er varðar alla mikilvæga eiginleika, nema viðbrögð við bruna, áður en varan en sett á markað. Ekki er þörf á fleiri kostnaðarsömum kerfum. Að því er varðar nothæfi, með tilliti til viðbragða við bruna, ætti val á kerfi 1, 3 eða 4 að teljast viðeigandi með tilvísun til mismunandi undirflokka vara.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Þessi ákvörðun gildir um rimlahandriðs- og rimlagirðingareiningar sem eingöngu eru ætlaðar til notkunar í tengslum við byggingarmannvirki til að koma í veg fyrir fall og sem eiga ekki að verða fyrir lóðréttu álagi frá mannvirkinu.

2. gr.

Að því er varðar mikilvæga eiginleika rimlahandriðs- og rimlagirðingareininganna, sem um getur í 1. gr., skal meta og sannprófa stöðugleika nothæfis þeirra í samræmi við kerfin sem tilgreind eru í viðaukanum.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 14. mars 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 270, 24.10.2019, bls. 81. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 5.

VIÐAUKI

KERFI TIL AÐ META OG SANNPRÓFA STÖÐUGLEIKA NOTHÆFIS

Tafla 1

Að því er varðar alla mikilvæga eiginleika nema viðbrögð við bruna

Vörur og áætluð notkun þeirra	Núverandi kerfi
Rimlahandriðs- og rimlagirðingareiningar sem eingöngu eru ætlaðar til notkunar í tengslum við byggingarmannvirki til að koma í veg fyrir fall og sem eiga ekki að verða fyrir lóðréttu álagi frá mannvirkinu.	4

Tafla 2

Einungis að því er varðar viðbrögð við bruna

Vörur og áætluð notkun þeirra	Undirflokkar vara	Núverandi kerfi
Rimlahandriðs- og rimlagirðingareiningar sem eingöngu eru ætlaðar til notkunar í tengslum við byggingarmannvirki til að koma í veg fyrir fall og sem eiga ekki að verða fyrir lóðréttu álagi frá mannvirkinu.	Vörur sem fá hagstæðari flokkun, með tilliti til viðbragða við bruna að því er nothæfi varðar, sem rekja má til auðgreinanlegs stigs í framleiðsluferlinu (t.d. viðbót af eldtefjandi efnun eða takmörkun á lífrænum efnun).	1
	Vörur þar sem evrópskur lagagrundvöllur er fyrir hendi sem unnt er að nota til að flokka nothæfi varanna, með tilliti til viðbragða þeirra við bruna, án prófunar.	4
	Vörur sem falla ekki undir aðra undirflokka.	3